



Fundargerð vetrarfundar Kirkjugarða Reykjavíkur

Vetrarfundur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma var haldinn á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð mánudaginn 13. nóvember 2023 kl. 18:00.

Fulltrúar eftirfarandi sókna mættu eða tilkynntu forföll:

Árbæjarsókn	Forföll
Ásatrúarfélagið	Jóhanna Harðardóttir
Ássókn	Kristján Guðmundsson
Breiðholtssókn	Emilía G. Svavarsdóttir
Bústaðasókn	Dóra Berglind Torfadóttir
Digranessókn	Forföll
Dómkirkjusókn	Einar S. Gottskálksson
Fella- og Hólasókn	Jóhann Úlfarsson
Fríkirkjusöfnuðurinn	Forföll
Grafarholtssókn	Hafberg Þórisson
Grafarvogssókn	Guðmundur Örn Guðjónsson
Grensássókn	Kristinn Guðmundsson
Hallgrímssókn	Einar Karl Haraldsson
Háteigssókn	Þorgils Baldursson
Hjallasókn	Andrés Jónsson
Kapólski söfnuðurinn	Ágúst Elvar Almy
Kársnessókn	Forföll
Langholtssókn	Forföll
Laugarnessókn	Egill Heiðar Gíslason
Lindarsókn	Hafþór Freyr Sigmundsson
Nessókn	Aðalheiður Steindórsdóttir
Óháði söfnuðurinn	Forföll
Seljasókn	Ólafur Karlsson
Seltjarnarnessókn	Ólafur Egilsson
Siðmennt	Sigurður Rúnarsson

Aðrir fundarmenn:

Helenda Sif Þorgeirsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Oddsdóttir, Ingvar Stefánsson, Jóanna Hrönn Sigurðardóttir, Kári Aðalsteinsson og Sólveig Halldórsdóttir öll frá KGRP. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prófastur RPA og Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur RPV.

Kristján Guðmundsson varaformaður stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkur bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Kristján býður þá sem ekki hafa áður mætt á fundi sérstaklega velkomna og leggur til að fundarmenn kynni sig. Kristján lagði til að hann sjálfur yrði fundarstjóri og Sólveigu Halldórsdóttur yrði falið að rita fundargerð. Það var samþykkt. Kristján gefur Ingvari Stefánssyni orðið.

Dagskrá fundarins:

1. Rekstur og lykiltölur 2023.
2. Aðgerðaráætlun og líkhúsmál.
3. Stefnumótun.
4. Skipurit.
5. Önnur mál.

1. Rekstur og lykiltölur

Ingvar fór yfir helstu lykiltölur í rekstri á árinu 2023. Ingvar kemur inn á fjölda greftrana og bálfara fyrstu tíu mánuði ársins. Rekstrarreikningur fyrstu níu mánuði ársins kynntur. Sjóðstreymisyfirlit fyrstu níu mánuði ársins kynnt sem og efnahagsreikningur 30. september 2023. Ingvar fer yfir stöðuna og þann vanda sem stofnunin stendur frammi fyrir.

2. Aðgerðaráætlun og líkhúsmál

Ingvar fer yfir aðgerðaráætlun til þess að mæta þeim vanda sem upp er komin í rekstri stofnunarinnar. Líkhúsmál og staða í athafnarýmum rædd.

3. Stefnumótun

Ingvar fer yfir afrakstur stefnumótunarvinnu og rifjar upp það sem rætt var á aðalfundi varðandi stefnumótun. Fjallar um það sem búið er að gera í greiningu og úrvinnslu og nú séum við í innleiðingarfasa. Ingvar fer yfir þær fimm stoðir sem stefnan og framtíðarsýn byggja á og þær forsendur sem þurfa að vera til staðar til að ná árangri við að innleiða stefnuna.

4. Skipurit

Nýtt skipurit kynnt sem styður við nýja stefnu. Ingvar kynnir forstöðumenn í nýju skipuriti og fer yfir hvernig lögð verður áhersla á teymisvinnu.

Spurt um notkun á athafnarýmum og hvort athöfnum í Fossvogi hafi fækkað. Rætt um athafnir trúfélaga og hvaða rými trúfélög hafa nýtt sér. Siðmennt og Ásatrúarfélagið ræða um að þau hefðu kosið að rýmin í Fossvogi væru hlutlausari.

Ný heimasíða kynnt og farið yfir þau verkefni sem hefur verið lokið eða er að ljúka. Framtíðarsýnin og hlutverk kynnt sem endurspegla stefnuna. Ingvar fer yfir næstu skref í innleiðingu á stefnunni og þau verkefni sem eru framundan. Rætt um framtíðina og þælingar varðandi grafreiti og jarðsetningu framtíðarinnar.

Kristján gefur orðið laust í umræður um kynningu framkvæmdastjóra og önnur mál. Umræður varðandi columbarium og hvernig nýting og annað sé varðandi það. Umræður um framlag frá ríkinu og mun á framlagi fyrir kistugröf og duftgröf.

Umræður um að í Færeyjum sé ritað báðu megin á legsteinna og hvort kirkjugarðarnir hafi hugsað um að útfæra til dæmis minningarbakki sem aðstandendur kosta. Kári forstöðumaður athafna og eignaumsjónar útskýrir nýtingu á nýju skipulagi duftgrafa sem verið sé að hanna fyrir Kópavogskirkjugarð. Umræður varðandi öskudreifingu.

Egill Heiðar formaður tekur til máls og þakkar yfirferð og stjórnarmönnum fyrir þeirra vinnu í stefnumótuninni. Egill þakkar starfsmönnum fyrir þeirra vinnu við stefnumótunina og ítrekar að þetta sé lifandi plagg og nýta eigi fundi sem þessa til þess að koma saman og ræða málin, það geri gott starf kirkjugarðanna enn betra.

Umræður varðandi opnunartíma eftir hádegi á föstudögum og hvort eftirspurn sé eftir auknum opnunartíma.

Ekki önnur mál á dagskrá.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 19:15.

Fundargerð ritaði Sólveig Halldórsdóttir